

Nr. 129 / 11 Ágúst GK 95***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1401
Smíðaður: Noregur 1974, stál
Stærð: 446 brl. 601 bt.
Mesta lengd: 52,82 m *Skráð lengd:* 48,46 m
Breidd: 8,2 m *Dýpt:* 6,45 m
Vél: Wichmann 727 kW, 1974
Fjöldi skipverja: 14



Ágúst©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. september 2010 var Ágúst GK 95 á línuveiðum í Húnaflóa. Veður: A 10 m/s og ölduhæð 1,5 m.

Skipverji var að vinna við slítara (línurúllu) þegar krókur fór í þumalfinger hans með þeim afleiðingum að hann fékk djúpan skurð. Hann var frá vinnu um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn kvaðst hafa verið að rétta plötu á slítara með sleggju og slegið hana á milli króka;
- að um var að ræða nýja línu og fram kom að við þær aðstæður væru taumarnir lengri í henni;
- að skipverjinn taldi rangt af sér að standa svona að verki og stöðva ekki rúlluna á meðan á viðgerð stóð.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.